Svalahandrið.

Handrið er smíðað úr Ø42 mm ryðfríumstálrörum (Stál 316, sýru og seltuvarið). sem festast í steypu skv. deili.
Þ.e. boruð eru Ø50 mm 100 mm djúp kjarnagöt, fyllt í kjarnagötin með þenslumúr og handriðum komið fyrir, tryggt skal að þenslumúrinn gangi uppí stálrörin.
Handlistinn er úr ryðfríu stálröri Ø42 mm. sem soðin er fastur við Ø12 mm stáltein sem soðin er í handriðsstoðir, sjá deili.
Framan á handriðið er fest grindum úr stálvinklum 4*20*30 mm, sem soðin/ fest er við handriðsstoðir, sjá deili.
Í grindurnar er klætt með 2 mm lituðum stálplötum, sem fest er við grind með stálhnoðum c/c 80 mm.
Allar suður skulu vera "TIG" suður, og allur suðuþráður skal vera stál 316.
ALLT STÁL Í HANDRIÐUM SKAL VERA RYÐFRÍTT STÁL 316, SÝRU OG SELTU VARIÐ.



SNIÐ D-D. MKV. 1:50.

Bílageymsla, loft og gólf.
Bótnplata skal vera staðsteypt 120 mm. á þjappaðri fyllingu. Gólf skal vélslípað með halla að niðurföllum.
Vatnshalli og staðsetning á niðurföllum skal koma fram á sérteikningu verkfr.
Í innkeyrslur og aðal akstursbrautir skal setja gólfhita, sjá sérteikningar verkfr.
Veggir og súlur eru úr járnbentri steinsteypu.
Útveggir skulu einangraðir og múrhúðaðir að innan, að utan skulu útveggir steinaðir í ljósum lit. Steyptir sýnilegir fletir innandyra skulu málaðir með ljósri málningu.
Loftplata/ þakplata er staðsteypt járnbent.
Steypt loftplata skal reiknuð fyrir viðeigandi þunga.
Frágangur á plötunni að utanverðu skal vera sem hér segir:
Plata skal steypt með vatnshalla frá húsi að niðurföllum.
Á slétta plötuna skal koma 2 lög af álímdum þakpappa.
Miða skal við eftirfarandi lýsingu sem lágmarkskröfur:
Grunna skal þakflöt með "PROFESSIONAL P3 bitumen primer".
Pappann skal heilíma á þakflöt með eldsuðu. pappinn skal skarast 8-10 sm á langhliðum og skammhliðum.
Pappinn skal vera "FLEXIGUM 4T MEC" eða sambærilegur, sem er SBS asfaltdúkur 4,8 kg/m², styrktarmottan í dúknum er polyester 180 gr/m².
Ofan á þakpappa skal einangra með "STYRISOL 300" plasteinangrun, 50 mm þykk.
Einangrunin skal þola 300 kPa skv. Staðli iso 844, ss 169534. Plötumar skulu vera nótaðar samann.
Einangrunina skal leggja þannig að hún liggji þétt að köntum og vel saman.
Vanda skal frágang sérstaklega við niðurföll.
Ofan á einangrun skal leggja drendúk 136 gr./m². Dúkurinn skal ganga upp á kanta og upp fyrir endanlegt efsta yfirborð. Skorið skal úr dúk við niðurföll.
Ofan á drendúk skal setja 50 mm. drenlag úr sjávarmöl 20-40 mm. að þverrmáli.
Sérstakar ráðstafanir skal gera varðandi dreneringu á jarðefnum á þakinu, t.d. með því að lagðar verði Ø75 mm drenlagnir, samkv. nánari fyrirmælum verkfr.
Ofan á þakið kemur annarsvegar jarðvegur fyrir gróður og hinsvegar steyptar hellur í stéttum og veröndum.
Nota skal sérsmíðuð niðurföll úr áli.
Niðurföllin skulu eldsoðin við þakpappa, og þess gætt að samskeyti séu þétt .
Niðurföll skulu framlengd upp fyrir malarlag/ endanlegt yfirborð, með þar til gerðum stútum, úr götuðum 2mm álrörum með álrist.

Samþykkt þann
09 JAN. 2008
Byggingfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h.Sigurbjartur Halldórssen

NORÐURBAKKI 5a, 5b og 5c. HAFNARFIRÐI.

Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfí.
Teiknistofan Strandgötu 11 220 Hafnarfirði.
Sími: 5651510. Netfang: teiknistofan@simnet.is
STH. teiknistofan ehf. kt. 510298-2769. Kt. aðalhönnuðar: 141250-4189.

Skýringar:	Séruppdráttur.
Teikning:	Snið D-D.
Mælikvarði:	1 : 50. Dagsetning: ágúst 2007.
Undirskrift:	19/9 07
Blað nr: 16 af 18	
Breytt:	